



UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
ÁRSSKÝRSLA 2021
102. Ársþing 2022

UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR

Skýrsla

Skýrsla 2021, lögð fram á 102. Ársþingi
Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á
skrifstofu UMSS af Thelmu Knútsdóttir í febrúar - mars
2022.

Umbrot og hönnun:

Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis:

Thelma Knútsdóttir
Gunnar Þór Gestsson
Aðildarfélag UMSS

Ljósmyndir:

Er m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSÍ, sérsambanda,
feykir.is, mbl.is, Héraðskjalasafni Skagafjarðar og
aðildarfélögum UMSS.



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Upplýsingar	6
Stjórn UMSS	6
Dagskrá 102. ársþings	6
Skýrsla stjórnar	8
Fjöldi þingfulltrúa	10
Iðkendur	10
Styrkir og sjóðir	11
Lottó reglugerð og úthlutanir	12
Covid 19 styrkir	13
Getraunir	14
Ánægjuvogin	12
Lottó reglugerð og úthlutanir	14
Verkefni ÍSÍ	15
Aðildarfélag	16
Afreksmannasjóður	17
UMFÍ fréttapunktur	20
Stefnumótun UMFÍ	24
Viðurkenningar ÍSÍ og UMFÍ	26
Íþróttamenn UMSS	27
Íþróttamaður UMSS reglugerð	30
Íþróttamaður UMSS 2021 tilnefningar	31
Lið ársins 2020 tilnefningar	32
Þjálfari ársins tilnefningar	33
Hvataverðlaun	34
Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla	35
Skýrsla aðildarfélaga	37
Lög UMSS	55
Ársreikningar 2021	58

Tindastóll íslandsmeistari í 4. flokki kvenna í átta manna bolta



Sigurlið Tindastóls. Efri röð frá vinstri: Guðni Þór Einarsson þjálfari, Eva Lilja Elíadóttir, Emelía Björk Elefsen, Hulda Þórey Halldórsdóttir, Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir, Viktoría Dís Harðardóttir, Heiðdís Pála Áskelsdóttir og Heiðrún Erla Stefánsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Laufey Alda Skúladóttir, Katla Guðný Magnúsdóttir, Árdís Líf Eiðsdóttir, Sunneva Dís Halldórsdóttir, Katelyn Eva John, Marta Birna Eiríksdóttir og Jo Althe Marien S. Mertola. Mynd: KSI.is



ÁVARP FORMANNS

*Ágætu þingfulltrúar, félagsmenn og gestir.
Velkomin á 102. ársþing Ungmennasambands
Skagafjarðar.*

Það eru tímamót á þessu þingi þar sem starfssvæði UMSS er loksins orðið eitt sveitarfélag. Starfsemi UMSS hefur alltaf verið í góðu samstarfs við stjórnsýsluna og við getum átt von á því að þetta samstarf muni aukast og þéttast í framtíðinni. Þessi sameining sveitarfélaga ætti að einfalda rekstur íþróttahreyfingarinnar og hjálpa okkur að komast áfram í þróun grasrótastarfs og afreksstarfs.

Síðustu árin hafa kröfur til starfs íþróttahéraða aukist töluvert. Sama er hægt að segja um kröfur til starfs íþróttafélaga. Auknar kröfur í íþróttalögum ríkisins til íþrotta- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og áfram niður í grasrótina hafa gert starfið okkar tímafrekara og erfiðara. Samfélagið er einnig að bæta kröfum á starfið og ætlast til þess að innan okkar raða starfi einstaklingar með sérþekkingu á hinum ýmsum sviðum.

Það er ekki auðvelt fyrir lítil íþróttahéruð eins og UMSS að standast allar kröfur í nútímanum, og örugglega enn erfiðara fyrir minni íþróttafélög sem starfa í grasrótinni. Meðal annars vegna þessa, er enn meiri áhersla lögð á okkur sem

störfum fyrir ÍSÍ og UMFÍ að horfa betur á skipulag íþróttahreyfingarinnar og finna leiðir til að mæta þessum auknu kröfum og straumlínulaga starfið okkar.

Þegar UMSS varð til, þann 17. apríl, árið 1910, var starfsumhverfið gjörólíkt því sem er í dag. Þrátt fyrir það hefur stjórnskipuleg hreyfingarinnar breyst mjög lítið. Innan UMSS voru starfandi íþróttaráð fyrir ýmsar íþróttagreinar með það markmið að samræma starfið í Skagafirði. Einhverstaðar á leiðinni fór íþróttahreyfinginn svo að setja alla áherslu á afreksstarf og afreksfólk. Ég tel að þessi áherslubreyting hafi verið að hinu góða því þessu fylgir krafa um meiri gæði í starfinu. Við getum sagt það, og það hefur verið sannreynt, að grasrótastarf á Íslandi er öðrum löndum til fyrirmyndar. Við gerum þetta af mikilli fagmennsku og þekkingu.

Nú er svo komið að hjá UMSS starfar eitt íþróttaráð. Forsendur fyrir þessu íþróttaráði voru að frjálsíþróttafólkið okkar var skylt að keppa undir merkjum sambandsins í landsmótum. Afrekshluti frjálsíþrotta í Skagafirði

hefur verið borið uppi af Tindastóli sem eðlilegt er, þar sem þekking og aðstaða er fyrir hendi. Án þess að fullyrða um það þá veit ég ekki betur en að öll keppni á landsvísi í frjálsum íþróttum sé nú opin fyrir íþróttafélögum svo við getum spurt okkur hvort að þessu hlutverki UMSS sé lokið.

Á stefnumótunarfundi UMFÍ, sem haldin var í mars 2021, kom fram skýr vilji íþróttahéraða í þá átt að UMFÍ forgangsraði grasrótastarfi og lýðheilsu í sínu starfi. Sér sambönd fyrir hverja íþróttagrein eru afreksmiðuð. Eftir stendur þá spurningin, hvernig komum við þessum áherslum inn í hreyfinguna. Alla leið frá ríki og niður í einstaka íþróttafélög.

Ég hef verið að velta fyrir mér hvort að hlutverk UMSS ætti að stækka á næstu misserum með því að vera mun virkari í grasrótastarfi. Mun virkari í þjálfun og skipulagningu á heilsu og heilbrigði einstaklinga á öllum aldri. Þetta gæti þýtt að við yrðum að endurskoða verkaskiptingu á milli UMSS og aðildafélaga þegar kemur að grasrótastarfinu. Mig langar að skilja þessa spurningu eftir hjá ykkur til að

hugsa um. Krafa um fagmennsku, þekkingu, siðareglur og viðbragðsáætlanir þeirra sem koma að grasrótastarfinu er orðin slík að erfitt er að fara fram á þetta hjá einstaklingi í sjálfboðavinnu. Er lausnin að vinna þéttar saman til að bæta starfið okkar, færa verkefni til, eða er kominn tími á einhverjar sameiningar á starfsemi okkar í nýja sameinaða héraðinu okkar. Ég vil þakka aðildarfélögum fyrir gott samstarf og góða samvinnu á árinu. Stjórnarmönnum sambandsins þakka ég gott samstarf og óska okkur öllum velfarnaðar í starfi.

Góðir gestir, hér með set ég 102. ársþing UMSS.

Ísland allt.

Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS



HLÍÐARENDARVÖLLUR, Sauðárkrókur
Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmennasamband Skagafjarðar

Stofndagur: 17. apríl 1910

Fjöldi virkra aðildarféлага árið 2019; 10

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarféлага UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri:

Thelma Knútsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Frímann Guðbrandsson
Jóhann Sigmarsson

Afreksmannasjóður:

Gunnar Þór Gestsson

Haraldur Jóhannsson

Ómar Bragi Stefánsson

Þorvaldur Gröndal, varamaður

Stjórn og ráð UMSS 2021-2022

Formaður:

Gunnar Þór Gestsson

Ungmennafélagið Tindastóll

Gjaldkeri:

Þuríður Elín Þórarinsdóttir

Ungmennafélagið Hjalti

Ritari:

Þorvaldur Gröndal

Golfklúbbur Sauðárkróks

Meðstjórnandi:

Arndís Brynjólfsdóttir

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Varastjórn:

Katharina Sommermeier

Ungmennafélagið Hjalti

Kristján Bjarni Halldórsson

Golfklúbbur Sauðárkróks

Magnús Jóhannesson

Ungmennafélagið Neisti

Frjálsíþróttaráð:

Kolbrún Þórðardóttir

Sigurjón Leifsson

Sigurður Arnar Björnsson


Sara Gísladóttir

Sindri Gunnarsson

Þórunn Eyjólfsdóttir

Dagskrá 102. Árþings

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Íþróttanefnd
 - d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit.



KRÓKSAMÓT OKTÓBER 2021
Körfubolta mót Unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Tindastóls
í Minnibolta 1.- 6. bekkur



SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2021 hélt Covid áfram að hafa lamandi áhrif á samfélagið og þar meðtalið starf íþróttafélaga og íþróttahéraða um land allt. Ekki liðu nema fjórir mánuðir á milli 100. Ársþing UMSS árið 2020 þar til við höldum 101. Ársþing þann 25. mars 2021, bæði þingin voru haldin rafræn. Notast var við rafræna kosningu í samvinnu við Advania á síðasta þingi og mættu 45 þingfulltrúar á þingið af 63 skráðum. Farið var yfir fyrirkomulag kosninga og kynnt ferlið, en hver fulltrúi þurfti að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum til að geta kosið. Ákveðið var að prufu keyra kerfið og spurt var: Er ársþingið lögmætt? Kosningin tókst og þingið var talið lögmætt samkvæmt kosningu. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS flutti pistil formans, Thelma Knútsdóttir framkvæmdastjóri UMSS fór yfir starfsskýrsluna stjórnar. Þuríður Elín Þórarinsdóttir gjaldkeri UMSS fór yfir ársreikning félagsins. Sambandið var rekið réttu megin við núllið og var kosið um samþykki á reikningum rafrænt, og var hann samþykktur samhljóða.

14. þingtillögur voru lagðar fyrir þing, voru 13 þeirra samþykktar án breytinga og einni var breytt vegna dagsetninga sem í henni voru. En mótaöld UMFI breyttist eftir að þingtillögur voru sendar aðildarfélögum.

Tveir rafrænir gestir voru með á þinginu; Garðar Svansson frá Framkvæmdastjórn ÍSÍ, hvatti hann aðildarfélögin til að skapa atvinnu fyrir fólk t.d. í hlutastörf. Hann minnti á sérverkefni frá ÍSÍ og UMFI þ.á.m. Lífshlaupið, Kvannahlaupið og annað sem eru í boði fyrir hinn almenna félagsmann. Verið er að vinna í nýju starfsskýrslukerfi sem

ÍÞRÓTTAHEFYFINGIN OG COVID-19

kemur í staðinn Felix sem heitir Sportsabler sem verður vonandi kynnt á næstunni. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFI tók undir orð Garðars og talaði um hve mikilvægt er að samböndin vinni saman og hjálpast að í þessum skrítnu aðstæðum. Minnti alla á að sækja um launa- og verktakagreiðslur sem aðildarfélögin geta sótt sér til að standa undir launakostnaði þjálfara og einnig að aðildarfélögin sækji um styrki í Umhverfissjóð UMFI og Fræðslu- og verkefnasjóð UMFI.

Gunnar Þór Gestsson bauð sig fram til áframhaldandi setu formanns, Sara Gísladóttir og Þorvaldur Gröndal til tveggja ára. Í varastjórn buðu eftirtaldir aðilar sig fram; Katharina Sommermeier, Kristján Bjarni Halldórsson og Magnús Jóhannesson. Stjórnin var samþykkt samhljóða. Í stjórn sátu áfram til eins árs Þuríður Elín Þórarinsdóttir og Arndís Brynjólfssdóttir. Fundaði stjórnin oftast rafrænt yfir árið, en einn og ein droppaði við á skrifstofu UMSS á fundartímum, en framkvæmdastjórinn sat þar yfirleitt og tengdi saman stjórnarmenn sem heima sátu. Hist var átta sinnum yfir árið bæði rafrænt og í fundarrými UMSS á Víðigrund 5.

Stjórn UMSS fékk hækkun á styrk sambandsins vegna reksturs skrifstofu. Hækkun á styrknum var samþykkt, en Félags- og tómstundarnefnd samþykkir jafnframt að þau endurskoði samning við UMSS á næsta ári og sérstaklega verði skoðað að leita leiða til að lækka húsnæðiskostnað, þ.m.t. að skoða hvort húsnæði í eigu sveitarfélagsins geti nýst sambandinu og aðildarfélögum þess til skrifstofuhalds.

Í lok mars var Stefnumót UMFI haldið á Hótel Geysir, Gunnar Þór formaður, Þorvaldur Gröndal ritari, Thelma framkvæmdastjóri mættu á staðin auk Andrea Maya Chirikadzi sem fór fyrir hönd ungs fólks í UMSS 16-25 ára. Var þar rædd ný stefnumótun UMFI sem kynnt var síðan yfir sumarið á landvísu.

Í apríl tóku framkvæmdastjóri UMSS og landsfulltrúi UMFI sig til og breyttu uppsetningu á rýmum Víðigrunds 5. Gerðar voru starfstöðvar fyrir aðildarfélög og þjálfara frítt til afnota, fundarrýmið var fært og eldhúsrýmið opnað, einnig var ljósleiðari tengdur.

Haldinn einn formannafundur (rafrænn) í maí, þar sem rædd var staðan. Málefni á dagskrá; verkefnið Hefjum störf, mót UMFI, verkefnið Hreyfing hjá ÍSÍ, styrkir vegna Covid. Í önnur mál var umræðan um vöntun á fjölnotahúsi í Skagafirði.

UMSS ásamt nokkrum aðildarfélögum sótti um og fékk úthlutað störfum í gegnum átakið Hefjum störf. UMSS fékk úthlutað einu starfsgildi og var Andrea Maya Chirikadzi ráðin til starfa við verkefnið félagslíf í Skagafirði í júní byrjun vann hún við verkið í 12 vikur. Er verkefnið langt á leið komið. En verið er að útbúa vefsíðu sem á að auðvelda íbúum Skagafjarðar að kynna sér hvaða félagsstörf, tómstundir og íþróttir eru í boði í Skagafirði fyrir allan aldur. Þetta verkefni hefur að þar að auki verið styrkt af UMFI og Íþróttasjóði Íslands og vonandi klárast þetta verkefni í sumar. En það tók lengri tíma en áætlað var vegna umfangs efnisins.

Sérstakur frístundastyrkur var veittur grunnskólabörnum sem fædd eru á árunum 2005-2014 sem búa á heimilum þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði. Styrkurinn var að hámarki 45.000 krónur fyrir hvert barn sem stundar skipulagt tómstunda- og/eða íþróttastarf undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda.



Unglingalandsmót UMFÍ sem átti að halda árið 2021 á Sauðárkróki var frestað um ár og svo frestað aftur, en loksins sjáum við fyrir endann á frestunum og vonandi höldum við Unglingalandsmót hér 2023, tveim árum eftir áætlun en þá eru liðin 9 ár síðan Unglingalandsmót UMFÍ hefur verið haldið á Sauðárkróki. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur stutt við þetta ferli.



Ítarlegri upplýsingar og skráning á ulm.is

UMSS niðurgreiðir skráningargjöld keppenda UMSS

Þeir keppendur sem keppa fyrir hönd UMSS á ULM 2021 fá þennan flotta bol að gjöf þar sem við bjóðum alla velkomna á Sauðárkrók 2022.

Skráning keppenda er til og með 25. júlí <https://umfi.felog.is>

Sambandsráðsþing UMFÍ var haldið á Húsavík í október og fóru þrír stjórnarmenn UMSS á það ásamt mökum. Var þingið vel heppnað, en Jóhann Steinar Ingimundarson kjörin nýr formaður UMFÍ og á fyrsta fundi nýrra stjórnar var formaður UMSS, valin varaformaður UMFÍ. Nokkur af Íþróttabandalögum landsins voru þar að mæta á sitt fyrsta þing, en á þinginu 2019 var samþykkt að veita þeim aðild að UMFÍ.

Í lok október samþykkti Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar tillögu félags- og tómstundanefndar að hækka hvatapeninga úr 25.000 krónum í 40.000 krónur frá og með 1. janúar 2022. Hvatapeningar eru ætlaðir til niðurgreiðslu íþrótt- og tómstundastarfs barna á aldrinum 5-18 ára með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Er þetta mikilvægt skref til að styðja enn frekar við íþrótt- og tómstundaiðkun barna í Skagafirði.

Í byrjun nóvember var haldinn 3. Fræðsludagur UMSS í Miðgarði, skylda var að vera með grímu á sitjandi viðburðum ef ekki var hægt að virða 1 metra reglu og slapp það fyrir horn. Sigurbjörg Sigurpáldóttir samskiptaráðgjafa íþróttar og æskulýðsstarfs var með fyrsta erindið og kynnti starf samskiptaráðgjafa, talaði um öflun upplýsinga úr sakaskrá og ræddi vinnu við samræmingu viðbragðsáætlana vegna atvika og misgerða. UMSS bauð fundargestum upp á kjötsúpu, kaffi og meðlæti. Seinna erindið hélt Alfa Dröfn Jóhannsdóttir forvarnarfulltrúi sveitarfélaganna rafrænt, um framkvæmd Samtaka íslenska sveitarfélaga um aðgerðaáætlun 2021-2025 um skipulagðar forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og tengingu inn á löginn um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem taka gildi um áramótin. Framkvæmdastjóri UMSS fór lauk síðan Fræðsludeginum á því að fara yfir Aðgerðar - og siðareglur UMSS.



Í desember hittust Afrekssjóð UMSS nefndarmenn rafrænt og á skrifstofu UMSS og fóru yfir umsóknir sem bárust til sjóðsins. Tíu aðilar sóttu um og fengu þau öll úthlutað úr sjóðunum.


Aðildarfélag og deildir sendu inn tilnefningar til Íþróttamanns, Lið og Þjálfara UMSS árið 2021. Engin kynning var þetta árið fyrir þá sem hafa kosningarétt þar sem sóttvarnarreglur hömluðu það. Sendar voru reglugerðar ásamt linki á nefndarmenn til að kynna sér tilnefningarnar og kusu allir nefndarmenn rafrænt. Reyna átti að halda einhvern athöfn þar sem tilkynna átti val nefndarinnar en í hvert skipti sem eitthvað átti að gerast var reglunum breytt og ákveðið var að tilkynna úrslitin á núverandi ársþing undir önnur mál.



Fundur með UMFÍ og ÍSÍ voru flestir haldnir með fjárfundasniði á árinu. ÍSÍ var með reglulegt fundahald með upplýsingum um stöðu mála vegna Covid19, sóttvarnaraðgerða og aðgerða stjórnvalda um stuðning við íþróttastarf og hafa sum aðildarfélag UMSS a.m.k. notið góðs af þeim aðgerðum. Það skipti sköpum fyrir ÍSÍ að geta stuðst við starfsskýrslur félaganna í Felix í viðræðum sínum við ríkið og vill ÍSÍ árétta mikilvægi þess að upplýsingar um félaga, iðkendur og ársreikninga séu réttar.

Hefðbundnir viðburðir UMFÍ voru felldir niður á árinu eins og síðast ár s.s. Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót 50+ og Íþróttaveislan.

Iðkendur innan greina sérsambanda sem iðkaðar eru á sambandssvæði UMSS



Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 102. Ársþingi UMSS 2022

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	2+1
Golfklúbbur Sauðárkróks	182	4+1
Hestamannafélagið Skagfirðingur	554	8+1
Íþróttafélagið Gróska	44	2+1
Siglingarklúbburinn Drangey	128	3+1
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	460	7+1
Ungmennafélagið Hjalti	211	5+1
Ungmennafélagið Neisti	312	6+1
Ungmennafélagið Tindastóll	1202	13+1
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	76	2+1
Samtals	3236	52+10

Formenn aðildarfélaga UMSS eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 101. Ársþingi UMSS 2021

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	2+1
Golfklúbbur Sauðárkróks	185	4+1
Hestamannafélagið Skagfirðingur	536	8+1
Íþróttafélagið Gróska	44	2+1
Siglingarklúbburinn Drangey	123	3+1
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	463	7+1
Ungmennafélagið Hjalti	205	5+1
Ungmennafélagið Neisti	305	6+1
Ungmennafélagið Tindastóll	1548	14+1
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	64	2+1
Samtals	3567	53+10

Samkvæmt tölum úr FELIX þá hefur félögum aðildarfélaga UMSS fækkað um 331 síðan 2020.

Styrkir frá UMFÍ, Íþróttasjóði og Ferðasjóður Íþróttafélaga ÍSÍ

UMFÍ Fræðslu og verkefnasjóður 2021		
maí úthlutun		
Golfklúbbur Skagafjarðar	Þjálfaranámskeið	150.000 kr
Unglingaráð körfuknattleiksd. Tindastóls	Þjálfunarmenntun KKÍ	135.000 kr
UMSS	Tómstundir/félagsstörf í Skagafirði	250.000 kr
nóvember úthlutun		
Golfklúbbur Skagafjarðar	Stjórnendafræðsla	200.000 kr
Unglingaráð körfuknattleiksd. Tindastóls	Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	200.000 kr
Körfuknattleiksdeild Tindastóls	Jöfnun tækifæra, körfuboltaþjálfun í smærri bæjarfél.	25.000 kr
UMSS	Fræðsludagur	100.000 kr
UMFÍ Umhverfissjóður 2021		
Golfklúbbur Skagafjarðar	Gróðursetning, grisjun og fegrin	80.000 kr
Samtals styrkir frá UMFÍ		1.140.000 kr
Íþróttasjóður - Rannís 2022		
Sótt um 2021 og úthlutað 2022		
Frjálsíþróttadeild Tindastóls	Áhaldakaup	200.000 kr
Skíðadeild Tindastóls	uppbygging fyrir skíðaiðkun fatlaða	300.000 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	Golf og jafnrétti	300.000 kr
Körfuknattleiksdeild Tindastóls	Jöfnum tækifærin - körfubolti í smærri bæjum	400.000 kr
Unglingaráð körfuknattleiksd. Tindastóls	Körfuboltaskóli Unglingaráðs	250.000 kr
UMSS	Félagslíf í Skagafirði	400.000 kr
Samtals styrkir frá Íþróttasjóði		1.850.000 kr
Ferðasjóður ÍSÍ 2020		
Aðildarfélög UMSS fengu úthlutað 2021	Samtals	4.258.032 kr
Samtals styrkir á sambandsvæði UMSS		7.248.032 kr

UMFÍ



FERÐASJÓÐUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA



LOTTÓREGLUGERÐ - ÚTHLUTUN

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þær deildir/aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Nóra. Iðkendatölur úr Nóra skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðila ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort

haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Nóra og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði UMSS skal hafa árs aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Lottógreiðslur og félagsgjöld 2021

	Lottó greiðslur 2021	Félagsgjöld 2021	Samtals
Bíaklúbbur Skagafjarðar	195.094 kr	49.280 kr	244.374 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	688.854 kr	89.781 kr	778.635 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.809.898 kr	281.522 kr	2.091.420 kr
Íþróttafélagið Gróska	22.761 kr	23.329 kr	46.090 kr
Siglingarklúbburinn Drangey	464.690 kr	61.077 kr	525.767 kr
Ungmenna og Íþróttafélagið Smári	1.044.087 kr	238.667 kr	1.282.754 kr
Ungmennafélagið Hjalti	526.057 kr	106.423 kr	632.480 kr
Ungmennafélagið Neisti	570.046 kr	158.586 kr	728.632 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	3.233.192 kr	722.721 kr	3.955.913 kr
Vélhjóla klúbbur Skagafjarðar	285.811 kr	35.649 kr	321.460 kr
UMSS - Ungmennasamband Skagafjarðar	3.788.402 kr	-	3.788.402 kr
Afreksmannasjóður UMSS	757.680 kr	-	757.680 kr
Samtals	13.386.573 kr	1.767.035 kr	15.153.608 kr



Íþróttahreyfingin og COVID - 19

Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi viðbótarframlag að upphæð kr. 300 milljónir til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglunga 6-18 ára. Í samningi ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðbótarframlagið, sem undirritaður var 8. febrúar 2021, kemur fram að úthluta skuli framlaginu með sömu aðferð og notuð var þegar greitt var til íþróttafélaga vorið 2020 (almenn aðgerð). Þær forsendur sem úthlutað er eftir koma fram í ákvörðun Alþingis og eru þær að Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands skuldbindur sig til að:

Úthluta fjármagni með almennum stuðningi til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglunga 6-18 ára með að lágmarki 20 skráða íþróttaiðkendum samkvæmt talnagrunni ÍSÍ og UMFÍ árið 2020. Iðkendum í almenningsíþróttadeildum, samkvæmt skráningu ÍSÍ og UMFÍ, teljast ekki með vegna mismunandi túlkunar á skráningu iðkenda í þær deildir. Vægi iðkenda í útreikningi er óháð búsetu þeirra. Tillit er tekið til fjölgreinafélaga í reiknireglunni. Heildarframlag fjölgreinafélaga hækkar með veldisvexti fyrri hverja grein umfram eina og til og með fimmtu greininni. Úthlutun til einstaks íþróttafélags getur ekki orðið hærri en 3% af veltu félagsins samkvæmt staðfestum reikningsskilum 2020 fyrir árið 2019 (fjárhagslegar tölur frá árinu 2019).

AÐILDARFÉLÖG UMSS SEM FENGU ÚTHLUTUN Í MARS 2021

Golfklúbbur Sauðárkróks	150.592 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	366.280 kr
Siglingaklúbburinn Drangey	71.849 kr
Smári Varmahlíð	134.120 kr
Umf. Hjalti	50.000 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	4.132.248 kr
SAMTALS	4.905.089 kr

covid.is

Á ÆFINGU TREYSTUM VIÐ HVERT ÖÐRU OG VIRÐUM UMGENGNISREGLUR

ÞANNIG TRYGGJUM VIÐ
ÁFRAMHALDANDI OPNUN

2m

ÁFRAM ÍÞRÓTTIR!

Fylgjum reglunum svo við getum haldið áfram að hittast og stunda íþróttir saman.

- Þössum nálægðarmörk þar sem það á við
- Virðum grímuskýlduna
- Þvöum hendurnar reglulega og sótthreinsum
- Höldum okkur heima og förum í skimun ef við fáum einkenni



WWW.GETRAUNIR.IS



Getraunastarf á sambandssvæðinu


Á tímum Covid hefur reynst erfitt að halda úti hefðbundnu getraunastarfi íþróttafélaganna þar sem stuðningsfólk mætir í félagsheimilið, spjallar, drekkur kaffi og tippar á Enska getraunaseðilinn. Slíkar samkomur hafa ekki verið í boði. Íþróttafélögin hafa samt mörg hver sýnt mikið hugmyndaflug til að halda úti getraunastarfinu og nýtt sér rafræna möguleika þar eins og annarstaðar í þjóðfélaginu.

Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélagunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram.



Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjárflokkun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580- 2500 eða í netfang phs@getspa.is.

Það er gaman að sjá að flest öll félög eru farin að ýta undir sína félagsmenn að merkja við sitt félag.

Styður þú þitt félag! Áheiti árið 2021 og greiðsla

550 KND Tindastóll

- Áheiti 813.765 kr. - Styrkur 154.615 kr.

551 Ungmennafélagið Hjalti

- Áheiti 11.535 kr. – Styrkur 0 kr.

554 Golfklúbbur Skagafjarðar

- Áheiti 98.670 kr. – Styrkur 19.734 kr.

560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

- Áheiti 122.310 kr. – Styrkur 36.963 kr.

566 Ungmennafélagið Neisti

- Áheiti 56.265 kr. – Styrkur 5.657 kr.

Helstu Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ



Lífshlaupið 2022 hófst 2. febrúar
Skráning hófst 19. janúar.
Skóla og vinnustaðakeppnum er lokið
Einstaklingskeppni stendur yfir allt árið



Opnað hefur verið fyrir skráningu í
Hjólað í vinnuna 2022. Keppnin
hefst 4. maí nk. og stendur yfir til
24. maí. Liðsmenn og liðsstjórar
geta því hafið skráningar á sér og
sínun liðum núna! Hægt er að skrá
sig allan tímann á meðan verkefnið
stendur yfir.



Verkefnið Ísland á iði er fræðslu- og
hvatningarverkefni á landsvísu sem
ætlað er almenningi á öllum aldri.
Á Facebook síðu verkefnisins má finna
hugmyndir að fjölbreyttri hreyfingu,
ýmsan fróðleik, myndir, myndbönd og
fleira skemmtilegt.



Markmið hlaupsins er að fá fleiri kon-
ur út að hreyfa sig og að hvetja konur
til þátttöku í starfi íþróttahreyfingar-
innar á Íslandi.



Íþróttta- og Ólympíusamband
Íslands ásamt samstarfsaðilum
ræsir verkefnið Göngum í
skólann í sextánda sinn
miðvikudaginn 7. september
næstkomandi. Ætla þinn skóli
ekki örugglega að taka þátt?



Árlegt verkefni í tengslum Evrópsku
samgönguvíkuna sem er haldin
árlega 23.-30. september. Til að
hvetja fólk til umhugsunar um eigin
ferðavenjur og virkja það til að nota
almenningsamgöngur, hjóla eða
ganga.



Íþróttavíku Evrópu er haldin 23. – 30.
september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum.
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands hefur
hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum
Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem
munu tengjast vikunni. Markmiðið með
Íþróttavíku Evrópu er að kynna íþróttir og
almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna
við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.



Landsátak í sundi nóvember 2022.

Nú stinga landsmenn sér til sunds
og safna sundmetrum.
Taktu þátt í að synda hringinn í
kringum landið



Bílaflúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/bilaklubburskagafjardar/>

Félagið stofnað 1989
Formaður: Baldur Haraldsson
Fjöldi félagsmanna: 94
Fjöldi iðkenda: 18



Golfklúbbur Skagafjarðar

www.gss.is

Félagið stofnað 1970
Formaður: Sigríður Svavardóttir
Fjöldi félagsmanna: 222
Fjöldi iðkenda: 230



Hestamannafélagið Skagfirðingur

<https://skagfirdingur.is/>

Félagið stofnað 2016
Formaður: Elvar Einarsson
Fjöldi félagsmanna: 708
Fjöldi iðkenda: 701



Íþróttafélagið Gróska

Félagið stofnað 1992
Formaður: Salmína Sofía Tavsén
Fjöldi félagsmanna: 44
Fjöldi iðkenda: 10



Siglingaklúbburinn Drangey

<https://www.facebook.com/siglingaklubburinnrangey/>

Félagið stofnað 2009
Formaður: Kári Heiðar Árnason
Fjöldi félagsmanna: 172
Fjöldi iðkenda: 125



Ungmennaog Íþróttafélagið Smári

<https://www.facebook.com/ithrottir>

Félagið stofnað 1995
Formaður: Sarah Holzen
Fjöldi félagsmanna: 564
Fjöldi iðkenda: 99



Ungmennafélagið Hjalti

<https://www.facebook.com/umfhjalti>

Félagið stofnað 1927
Formaður: Katharina Sommermeier
Fjöldi félagsmanna: 230
Fjöldi iðkenda: 87



Ungmennafélagið Neisti

<https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>

Félagið stofnað 1898
Formaður: Eiríkur Arnarson
Fjöldi félagsmanna: 403
Fjöldi iðkenda: 95



Ungmennafélagið Tindastóll

www.tindastoll.is

Félagið stofnað 1907
Formaður: Guðlaugur Skúlason
Fjöldi félagsmanna: 1743
Fjöldi iðkenda: 1182



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/groups/79689055901/>

Félagið stofnað 2005
Formaður: Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 83
Fjöldi iðkenda: 72

AFREKSSJÓÐUR UMSS

Úthlutanir fyrir afreksárið 2021

10 aðilar sóttu um styrk og fengu úthlutað í desember 2021.

Andrea Maya Chirikadzi – Frjálsar íþróttir (Úrvalshópur FRÍ)

Guðmar Freyr Magnússon – Hestaíþróttir (Landslið)

Ísak Óli Traustason – Frjálsar íþróttir (Landslið)

Margrét Rún Stefánsdóttir – Knattspyrna (Landslið)

Orri Már Svavarsson – Körfuknattleikur (Landslið)

Sveinbjörn Óli Svavarsson – Frjálsar íþróttir (Landslið)

Veigar Örn Svavarsson – Körfuknattleikur (Landslið)

Þórarinn Eymundsson – Hestaíþróttir (Landslið)

Þórgunnur Þórarinsdóttir – Hestaíþróttir (Landsliðsval)

Örvar Freyr Harðarson – Körfuknattleikur (Landsliðsval)



Reglugerð um Afrekssjóð UMSS

1. grein. Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSS.

2. grein. Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja Skagfirska afreksmenn til æfinga og keppni.

3. grein. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Ársþing UMSS kys 2 menn í stjórnina og 1 til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Stjórn UMSS tilnefnir síðan 1 úr aðalstjórn, sem formann sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.

4. grein. Tekjur sjóðsins verði ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. reglugerð hverju sinni. Auk þess frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.

5. grein. Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.

6. grein. Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara fram úr í íþróttgrein sinni, t.d. eru í landsliði, sigra á Íslandsmeistaramóti, setja Íslandsmet, eða á annan hátt sína að þeir eru afreksmenn í íþróttum.

7. grein. Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn eða félög þeirra, að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og jafnframt að gera grein fyrir ástæðum umsóknarinnar.

8. grein. Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi UMSS gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein. Endurskoðendur UMSS eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.


10. grein. Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður boði til þeirra.



A
F
R
E
K
S
F
Ó
L
K

U
M
S
S

2
0
2
1



VARMAHLÍÐAR SUNDLAUG OG ÚTI KÖRFUBOLTAVÖLLUR

Ungmenna- og Íþróttafélag Smári

COVID-faraldurinn var í aðalhlutverki árið 2021 og var þetta annað árið í röð sem hann setti mark sitt á íþróttastarf á árinu. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður lét íþróttafólk ástandið ekki á sig fá. Þvert á móti var gripið til ýmissa hugvitsamlegra ráða til að leysa úr flóknum viðfangsefnum. Tíminn í faraldrinum var nýttur til að leggja grunn að fjölmörgu frábæru og því má vel kalla árið 2021 ár sveigjanleikans. Uppskorið verður á þessu ári þar sem ýmsir frábærir viðburðir verða að veruleika.

MÓTAHALD UMFÍ Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2021 rétt eins og árið áður. Það var áfall fyrir marga þegar mótunum varð frestað..

Íþróttaveisla UMFÍ verður haldin í ár á sambandsvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) í tilefni af 100 ára afmæli þess. Íþróttaveislan samanstendur af fjórum frábærum viðburðum sem dreifast frá júní og fram í september. Íþróttaveislan hefst með Boðhlaupi Byko í Kópavogi og Hundahlaupi á Seltjarnarnesi í júní, Drulluhlaup Krónunnar verður í Mosfellsbæ í ágúst og Forsetahlaup á Álftanesi 3. september.

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi Jónsmessuhelgina 24. – 26. júní. Eins og allir þekkja er mótið blanda af íþróttakeppni og ýmsum viðburðum sem tengjast hreyfingu og samveru.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Mótið er fyrir þátttakendur á aldrinum 11-18 ára og geta allir tekið þátt sem áhuga hafa. Ekki þarf að vera í íþrótt- eða ungmennafélagi til að taka þátt. Búið er við þúsundum mótsgesta á mótið á Selfossi.

UNGmennabúðir UMFÍ eru á Laugarvatni. Þetta er stærsta einstaka verkefni UMFÍ. Þangað koma um 2.000 nemendur 9. bekkjar af öllu landinu á hverju ári, eignast nýjar og skemmtilegar minningar og styrkja vinaböndin. Vel hefur gengið að skrá hópa í búðirnar þótt smit, samkomutakmarkanir og sóttvarnaðgerðir hafi valdið því að fjölmargir skólahópar gátu ekki dvalið þar. UMFÍ hefur leigt út húsnæði

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs og hefur ásóknin verið afar góð. Ráðgjafa- og námskeiðafyrirtækið KVAN hefur haft sumarþúðir þar og íþróttasamband fatlaðra sömuleiðis. Sambandsaðilar og aðildarfélög UMFÍ hafa jafnframt fengið húsnæðið fyrir æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda viðburði. Þar á meðal er handboltadeild Víkings í Reykjavík. Búið er að Ungmennabúðir UMFÍ verði mjög eftirsóttar hjá ungmennafélögum á næstu árum.



LOTTÓ OG GETRAUNIR UMFÍ á 13,3% hlut í Íslenskri getspá og 20% hlut í Getraunum. Lottó- og getraunaleikir hafa reynst íþróttafélögum afar dýrmætir bakhjarlar og traustir stuðningsaðilar þegar gefið hefur á bátinn. Íslensk getspá greiddi eigendum 1,9 milljarða króna árið 2021 auk m.a. 300 milljóna króna aukagreiðslu. Þar af fengu sambandsaðilar UMFÍ 237 milljónir króna í reglulegri lottóúthlutun. Þetta var 55 milljóna króna hækkun á milli ára. Auk þessa greiddu Getraunir 60 milljónir króna aukalega beint til íþróttafélaga vegna góðrar afkomu fyrirtækisins. Hluti af fjármagninu fer í sjóði UMFÍ, þar á meðal Fræðslu- og verkefnasjóð sem sambandsaðilar UMFÍ geta sótt í.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, er fulltrúi ungmennafélagshreyfingarinnar í stjórn Íslenskrar getspár en Auður Inga Þorsteindóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ STYRKIR ÍÞRÓTTASTARF

Í desember 2020 gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag við ÍSÍ og UMFÍ um 17 milljóna króna styrkveitingu. Samkomulagið fól annars vegar í sér þátttöku fulltrúa frá ÍSÍ og UMFÍ í stýrihópi á vegum félagsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir sem stuðlað geta að þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Áhersluhópur er börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu, þar með talið börn af erlendum uppruna.

Tvö verkefni eru afurðir stuðningsins nú þegar. Fyrri afurðin er auglýsing þar sem vakin er athygli á mikilvægi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Hin er vefsíðan betrafelag.is sem er sameiginleg verkfærakista fyrir stjórnendur hjá íþrótt- og ungmennafélögum.

BETRA FÉLAG; Heimasíðunni betrafelag.is er ætlað að vera þjónustu- og upplýsingavefur fyrir starfsemi íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingarinnar. Markhópur síðunnar er stjórnendur, starfsfólk og sjálfboðaliðar íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingarinnar. **Stefnt er að opnun heimasíðunnar betrafelag.is haustið 2022.**



FELIX / SPORTABLER Í september árið 2021 skrifaði forsvarsfólk ÍSÍ og UMFÍ undir samning við fulltrúa fyrirtækisins Abler um gerð á nýju rafrænu félagakerfi fyrir íþróttahreyfinguna. Kerfið leysir af hólmi starfsskýrsluskil í Felix. Stefnt er að því að íþróttahreyfingin skili starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi árið 2022.

GRUNNSKÓLAMÓT Í BLAKI, Blaksamband Íslands, í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ og Evrópusambandið (ESB) stendur að Grunnskólamóti í blaki. Þetta er nýr viðburður. Hann var haldinn var í fyrsta sinn um allt land í október 2021 og verður haldinn árlega í fjögur ár. Íþróttahéruð koma að verkefninu og hefur m.a. fengist styrkur úr fræðslu- og verkefnasjóði í verkefnið. Kristall er bakhjarl mótsins ásamt félögunum sem að því standa.

Blakmótið var haldið í tólf knattspyrnuhúsum um allt land. Þátttakendur eru grunnskólanemendur á aldrinum 9 -11 ára (í 4.-6. bekk) og 160 skólum var boðin þátttaka. Undirtektirnar voru mjög góðar.

SÝNUM KARAKTER er sameiginlegt átaksverkefni ÍSÍ og UMFÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hægt sé að þjálfra og styrkja sálræna og félagslega færni iðkanda eins og líkamlega færni.

Árið 2021 hlaut verkefnið 5C's 30 milljóna króna styrk frá Erasmus+, sem er menntaáætlun Evrópusambandsins. Að verkefninu standa ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík (HR), Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ), Fimleikasamband Íslands (FSÍ) og Loughborough-háskóli á Englandi. Verkefnið snýst um að þjálfra fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglinga í íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Höfundur verkefnisins er Dr. Chris Harwood, prófessor við Loughborough-háskóla. Hann hefur unnið með íþróttafélögum í Bretlandi að því að byggja upp andlega og félagslega færni hjá ungu íþróttafólki og styðja við jákvæða íþróttamenningu. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum laugardaginn 4. september 2021 með vinnustofu sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Þangað mættu þjálfarar og starfsfólk frá fimleikadeild Ármanns og knattspyrnudeild Fylkis. Hugmyndafræði 5C's tengist markmiðum Sýnum karakter, sem UMFÍ og ÍSÍ standa að. Nálgastr má allt efni verkefnisins á synumkarakter.is.



Karakter í þjálfun
Þjálfun hugrænna og félagslegra þátta skiptist í sex áhersluflokka:

 ÁHUGI	 MARKMIÐA- SETNING	 FÉLAGSFÆRNI	 SJÁLFTAUST	 LEIÐTOGAR	 EINBEITING
-----------	--------------------------	-----------------	----------------	---------------	----------------



ÆSKULÝÐSVETTvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Allt frá stofnun hefur ÆV sinnt því hlutverki að bjóða upp á fræðslu í forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða, meðal annars um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun sem getur komið upp í félagsstarfi. Dæmi um slíka forvarnarfræðslu er námskeiðið Verndum þau sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum en á hverju ári eru haldin nokkur slík námskeið. ÆV hefur frá 2019 boðið upp á netnámskeið í barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Á námskeiðinu er fólki kennt að þekkja mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annars áreitiss sem börn og ungmenni geta orðið fyrir auk viðbragða. Einnig er kennt hvernig eigi að bregðast við þegar slík atvik koma upp í starfinu. Námskeiðið er öllum opið og er notendum að kostnaðarlausu. Sema Erla Serdar er framkvæmdastýra ÆV.

UMFÍ hefur tekið upp siðareglureglur Æskulýðsvettvangsins og hefur verið unnið að þróun námskeið fyrir félagasamtök um siðreglur í samskiptum.

SAMSKIPTARÁÐGJAFINN, Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótt- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við sigurbjorg@dmg.is eða hringt í síma 839-9100.

SAKAVOTTORÐ, sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsídóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.


FORVARNARDAGURINN, var venju samkvæmt haldinn miðvikudaginn 6. október 2021 í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta var fimmtánda árið sem hann er haldinn. Deginum var ýtt úr vör í Dalskóla í Úlfarsárdal. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, gat ekki tekið þátt í því þar sem hann var í smitgát.

Að Forvarnadeginum standa UMFÍ og ÍSí, Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag íslenskra skáta, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem jafnframt sér um verkefnastjórn. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnaneyslu og ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur. Efsta á baugi Forvarnardsins eru samspil orkudrykkja, níkótínnotkun, gæði svefnis og ýmsir þættir sem hafa áhrif á andlega líðan ungmenna.

SKINFAXI, á árinu 2021 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Hægt er að nálgast eintak Skinfaxa víða um land og PDF-útgáfu á slóðinni: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

GÖNGUBÓK UMFÍ kom út sumarið 2021. Hún var eins og árið áður unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Bókinni



var dreift um allt land. Bókin hefur síðustu tvö árin farið í gegnum heilmikla yfirlegu, gönguleiðir voru uppfærðar, sumum hent út en öðrum bætt við. Þá voru öll kort endurnýjuð. Bókina er hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ undir liðnum útgáfa: <https://www.umfi.is/utgafa/gongubok/>

FRÉTTABRÉF, UMFÍ sendi sambandsaðilum og aðildarfélögum reglulega rafrænt fréttabréf. Þar eru sagðar fréttir úr íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingunni, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda tölvupóst á umfi@umfi.is

VINNUHÓPUR UM LÝÐHEILSU, UMFÍ og ÍSí skipuðu starfshóp sem tók saman upplýsingar og skýrslu varðandi almenningaíþróttaverkefni. Þetta er verkefni sem hefur það að markmiði að auka framboð af fjölbreyttri hreyfingu fyrir almenning innan íþróttahreyfingarinnar. Vinnuheiti verkefnisins er KOMA SVO! og á sér fyrirmynd í Danmörku í verkefni sem heitir „Bevæg dig for livet“ sem DIF (Danmarks idræts forbund) og DGI (Danske gymnastik- og idrætsforeninger) settu á laggirnar árið 2015.

SUMARSTARFSFÓLK – HEFJUM STÖRF, Sumarið 2021 réð UMFÍ til sín sjö starfsmenn til að sinna ýmsum verkefnum. Ráðningin var hluti af átaki stjórnvalda, sem hafði það að markmiði að skapa námsmönnum atvinnu yfir sumarið. Einn starfsmaður hóf störf áfram í Ungmennabúðum UMFÍ og annar fékk tímabundna ráðningu fram að áramótum.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ, er í Sigtúni 42 í Reykjavík og er starfsstöð á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Sími þjónustumiðstöðvar er 568 2929. Netfang er umfi@umfi.is

VISSIR ÞÚ ÞETTA UM UMFÍ? Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. Heiti þess er skammstafað UMFÍ. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ um allt land.

STEFNUMÓTUN UMFÍ

Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi. Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra. UMFÍ hvetur og styður við bætta lýðheilsu landsmanna.

HLUTVERK UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Gleði, traust og samvinna eru gildi UMFÍ. Þau endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.

GILDI UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Með stuðningi UMFÍ er starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra, með áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu.

FRAMTÍÐARSÝN UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Ræktun lýðs og lands.


UMFÍ, okkar hreyfing!

SLAGORÐ UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

STEFNUÞÆTTIR UMFÍ


STEFNUÞÆTTIR

Í stefnu UMFÍ er að finna fimm stefnuþætti sem styðja við hvern annan og lýsa því hvernig félagið ætlar að ná markmiðum sínum.



Fyrsti stefnuþátturinn er **starfsemi**, sem lýsir hlutverki og tilgangi UMFÍ. Á eftir koma **leiðirnar** sem félagið ætlar að fara til að ná markmiðum sínum og **verklagið** sem verður nýtt til að vinna verkefni. Fjórði stefnuþátturinn er **mannauðurinn**, sem lýsir starfsfólki og sjálfbærliðum ungmennafélagshreyfingarinnar og skilgreinir sýn UMFÍ sem samstarfsaðila. Sá fimmti og síðasti fjallar um **fjármál** og er hann undirstaða annarra stefnuþátta.

Viðurkenningar UMFÍ og ÍSÍ



UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

Heiðursfélagar UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1987

Gullmerki UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1984

Haraldur Þ. Jóhannsson 2004

Páll Ragnarsson 2007

Starfsmerki UMFÍ

Stefán Pedersen 1971

Helgi Rafn Traustason 1980

Páll Ragnarsson 1980

Stefán Guðmundsson 1980

Gunnar Sigurðsson 1992

Frímann Guðbrandsson 1998

Ómar Bragi Stefánsson 1998

Hjalte Þórðarson 2004

Bjarni Jónsson 2005

G. Kristín Jóhannesdóttir 2006

Guðmundur Sveinsson 2006

Steinunn Hjartardóttir 2009

Stefán Öxndal Reynisson 2010

Snorri Styrkársson 2010

Rannveig Helgadóttir 2011

Viggó Jónsson 2011

Hrafnhildur Pétursdóttir 2012

Jónína Stefánsdóttir 2012

Hjörtur Geirmundsson 2012

Kári Marísson 2013

Starfsmerki UMFÍ, frh.

Árni Stefánsson 2013

Friðbjörg Vilhjálmsdóttir 2017

Ingimar Ingimarsson 2017

Símon Gestsson 2017

Björn Hansen 2018

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir 2018

Skúli Jónsson 2018

Sara Gísladóttir 2019

Gunnar Þór Gestsson 2019

ÍSÍ gull- og silfurmerki

Gullmerki ÍSÍ

Páll Ragnarsson 1982

Trausti Sveinsson 1996

Viggó Jónsson 2019

Silfurmerki ÍSÍ

Haraldur Þór Jóhannsson 2005

Hjalte Þórðarson 2005

Ómar Bragi Stefánsson 2005

Steinunn Hjartardóttir 2006

Halldór Halldórsson 2008



UMFÍ





FÁKAFLUG 2021

15. ágúst á félagssvæði Hestamannafélagsins Skagfirðings á Sauðárkróki – A flokkur.

Mynd: Hestamannafélagið Skagfirðinga

ÍÞRÓTTAMENN UMSS FRÁ 1980-2021



1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
 1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund
 1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
 1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund
 1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
 1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund
 1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna
 1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
 1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti
 1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir
 1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna
 1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir
 2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti
 2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
 2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
 2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna
 2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir
 2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir
 2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir
 2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2014 Baldur Haraldsson, Bílaklúbbur Skagafjarðar, akstursíþróttir
 2015 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti
 2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2018 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
 2021 ?????????????



SKÍÐASVÆÐI TINDASTÓLS

Skíðadeild UMF Tindastóll

Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði

1.gr. Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitafélagsins Skagafjarðar.

2.gr. Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefning í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- | | |
|-------------------------------------|--------------|
| • Bilaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Golfklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1 tilnefning |
| • Íþróttafélagið Gróska | 1 tilnefning |
| • Siglingaklúbburinn Drangey | 1 tilnefning |
| • Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Hjalti | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Neisti | 1 tilnefning |
| • UMFT Bogfimdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Frjálsíþróttadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Júðódeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Knattspyrnadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Kraftlyftingadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Körfuknattleiksdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Skíðadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Sunddeild | 1 tilnefning |
| • Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
- Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS.

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

3. gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

4. gr. Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann.

Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landlið) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr. Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

7. gr. Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

9.gr. Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

10. gr. Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

11.gr. Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farand-bikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefninginn skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt.

Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).

ÍÞRÓTTAMAÐUR UMSS 2021

Tilnefningar:



Anna Karen Hjartardóttir

Kylfingur, Golfklúbbur Sauðárkróks

mynd: kylfingur.vf.is



Eva Rún Dagsdóttir

körfuknattleiksmaður, Ungmennafélagið Tindastóll


mynd: körfuknattleiksdeild Tindastóls



Bryndís Rut Haraldsdóttir

Knattspyrnumaður, Ungmennafélagið Tindastóll

mynd: feykir.is



Ísak Óli Traustason

Frjálsíþróttamaður, Ungmennafélagið Tindastóll

mynd: flickr síða fri.is



Mette Moe Mannseth

Hestamaður, Hestamannafélagið Skagfirðingur

mynd: feykir.is



Tilnefningar:



Kvennasveit GSS
Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: www.feykir.is



Meistaraflokkur kvenna
Knattspyrnudeild Tindastóls
mynd: www.feykir.is



ÞJÁLFARI UMSS 2021

Tilnefningar:



Guðni Þór Einarsson
UMF Tindastóll knattspyrnudeild
mynd mbl.is



Sigurður Arnar Björnsson
UMF Tindastóll frjálsíþróttadeild
mynd FLIKR síðu FRÍ



Helgi Jóhannesson
UMF Tindastóll badmintondeild
mynd mbl.is



HVATAVERÐLAUN UMSS 2021



Amelía Ýr Samúelsdóttir

Bogi Sigurbjörnsson

Bragi Skúlason

Bryndís Erla Guðmundsdóttir

Brynjar Már Guðmundsson

Dagbjört Sísí Einarsdóttir

Daníel Smári Sveinsson

Emma Katrín Helgadóttir

Magnea Petra Rúnarsdóttir

Ólöf Bára Birgisdóttir

Rebekka Hólm Halldórsdóttir

Sveinn Jónsson

Ungmennafélagið Tindastóll frjálsíþróttadeild

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Golfklúbbur Skagafjarðar

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Ungmennafélagið Tindastóll Badmintondeild

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Frjálsíþróttaráð UMSS ársskýrsla 2021



myndir: frjálsíþróttadeild Tindastóls

Í frjálsíþróttaráði UMSS 2021 sitja Sigurjón Viðar Leifsson gjaldkeri, Sigurður Arnar Björnsson, Sindri Gunnarsson, Kolbrún Þórðardóttir, Þórunn Eyjólfsdóttir og Thelma Knútsdóttir (starfsmaður).

Innanhússmeistaramótin á liðnu ári voru öll haldin á Reykjavíkursvæðinu. Þátttaka UMSS í mótunum var ágæt. Ekki verður hjá því komist að minnst á að heimsfaraldurinn Covid 19 setti mark sitt á allt starf frjálsíþróttarétt eins og á allt íþróttastarf þjóðarinnar og raunar heimsins alls.

Færri mót voru í boði en í venjulegu árferði. Mótum var frestað og eða þau voru felld niður vegna fjöldatakmarkana. Það kom þó ekki í veg fyrir að keppendur okkar ynnu til ýmissa afreka á árinu. Óhætt er að segja að þeir hafi náð góðum árangri hver á sínu sviði og fjölmargar og góðar bætingar urðu á árinu. Keppendur UMSS unnu 38 Íslandsmeistaratitla árið 2021.

Eitt mót af stærri gerðinni, MÍ - öldunga, var haldið hér á Sauðárkróksvelli og áttum við fulltrúa þar, bæði meðal keppenda og starfsfólk og tókst það með miklum ágætum. Unnu 4 keppendur á vegum UMSS til 24 verðlauna. Við héldum nokkur minni mót fyrir iðkendur okkar og þá í félagi við KFA (Kraftlyftingafélag Akureyrar - frjálsar), auk þess var haldið Jólámót UMSS. Síðustu ár höfum við átt iðkendur í afreks- og landsliðshóp FRÍ, ekki er búið að gefa út lokalistann fyrir árið framundan, en það verður gert fyrir Ársþing FRÍ sem haldið verður 25.-26. mars nk. á Selfossi.

Ekki var haldin hátíð vegna vals á Íþróttamanni Skagafjarðar eins og venja er. Hátíð þessi er haldin á vegum Sveitarfélags Skagafjarðar og Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS). Ísak Óli Traustason var tilnefndur til íþróttamans ársins og Sigurður Arnar Björnsson tilnefndur til þjálfara ársins.

Ný héraðsmet sett á árinu 2021

Stefanía Hermannsdóttir, Spjótkast 35,90m 18-19 ára

Íslandsmeistaratitlar 2021

Andrea Maya Chirikadzi, MÍ 15-22 ára,

- Sleggjukast (18-19 ára)

Jón Kolbeinn Jónsson, MÍ öldunga

- Hástökk, langstökk og kúluvarp (35-39 ára, utanhúss)

Ísak Óli Traustason, MÍ aðalhluti

- 60 m grindahlaupi, langstökk og fjölþraut- innanhúss.

Karl Lúðvíksson, MÍ öldunga

- 100m, hástökk, stangarstökk, langstökk, kúluvarp, kringlukast, spjótast (70-74 ára, utanhúss)
- 60m, 60m grind, hástökk, langstökk, þristökk og stangarstökk (70-74 ára, innanhúss)

Stefanía Hermansdóttir, MÍ 15-22 ára

- Spjótast (18-19 ára)

Theódór Karlsson, MÍ öldunga

- 100m, hástökk, stangarstökk, langstökk, kúluvarp, kringlukast og spjótast (45-49 ára, utanhúss).
- Hástökk og stangarstökk (45-49 ára, innanhúss)

Þorkell Stefánsson, MÍ öldunga

- 100m, 200m og 400m (35-39 ára, utanhúss).

Stórmót framundan hjá frjálsíþróttaráði UMSS

2022 – MÍ öldunga

2023 – MÍ 15-22 ára og Unglingalandsmót UMFÍ

2025 – MÍ aðalhluti

2026 – MÍ fjölþraut og 10.000 m

2027 - MÍ öldunga

2028 – MÍ 11-14 ára

2029 – Bikarkeppni FRÍ

ÍSLANDSMEISTARAR ÖLDUNGA

Frjálsar íþróttir 2021

21 titlar utanhúss og 8 titlar innanhúss



Jón Kolbeinn Jónsson, 3 titlar



Karl Lúðvíksson, 13 titlar



Theodór Karlsson, 10 titlar



Þorkell Stefánsson, 3 titlar



ÁRSKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA UMSS 2021



BÍLAKLÚBBUR SKAGAFJARÐAR

Starf Bílasklúbbs Skagafjarðar var með nokkuð hefðbundnum hætti síðasta ár, en þó starfsemin þess merki að lítt var hægt að koma saman í fjölmenni.

Félagar í Bílasklúbbnum sóttu vefnámskeið fyrir keppnisstjóra og dómgæslufólk ásamt öðru akstursíþróttafólki. Námskeiðin voru á vegum Akstursíþróttasambands Íslands. Nauðsynlegt er að félagið hafi á að skipa fólki sem hefur réttindi til keppnishalds og er þátttaka í námskeiðum liður í því.

Formaður Bílasklúbbs Skagafjarðar situr í keppnisráði í ralli á vegum Akstursíþróttasambands Íslands. Á þeim vettvangi hefur verið unnið að reglubreytingum, öryggismálum, kynningu og fleiru sem til framfara þykir vera í íþróttageininni hverju sinni.

Ljómarall í Skagafirði fór fram 24. júlí 2021. Keppnin var hluti af Íslandsmótinu í ralli. Líkt og hefðbundið er voru eknar sérleiðir um Mælifellsdal, Vesturdal og Nafir. Keppnin gekk vel og naut Bílasklúbburinn samstarfs við fyrirtæki, styrktaraðila og Skagfirðingasveit sem sá um eftirfarastörf.

Vegna sóttvorna og takmarkana voru viðburðir á vettvangi Akstursíþróttasambands Íslands mun færri en venjulega. Þannig voru fundahöld í lágmarki og færðust nær öll í vefform. Fresta varð uppskeruhátíð / lokahófi og hefur það enn ekki verið haldið. Haustfundur Akstursíþróttasambandsins fór þó fram líkt og hefð er fyrir. Þar var m.a. samþykkt keppnisdagatal fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir því að Bílasklúbbur Skagafjarðar annist eina keppni í Íslandsmótinu í ralli og mun sá viðburður fara fram 22. – 23. júlí nk.

Aðalfundur hefur ekki enn verið haldinn en er fyrirhugaður á næstu vikum. Þá er undirbúningur keppnishalds hafinn og mun verkefnaálag vegna þess aukast þegar nær dregur.

Baldur Haraldsson, formaður



LJÓMARALL í Skagafirði

LAUGARDAGINN 24. JÚLÍ 2021

Fyrsti bill verður ræstur frá plani Skagfirðingabúðar kl. 08:00. Eknar verða fjórar ferðir um Mælifellsdal, tvær ferðir um Vesturdal og loks liggur leiðin aftur til Sauðárkróks þar sem eknar verða tvær ferðir um Nafir. Birting útslita, endamark og verblaunaafhending verða við Skagfirðingabúð kl. 17.

Keppnisstjóri er Hanna Rún Ragnarsdóttir, sími 692 9594.

Rétt er að ítreka að á þeim tíma sem lokun sérleiða varir er almenningi óheimilt að aka um leiðina. Skytt að hlýta fyrirmælum starfsmanna keppinnar þar um. Þá þurfa allir að virða lokunarborða og gata fylsta öryggis við áhorf á keppnina. Það er hin besta skemmtun að koma sér fyrir með nesti, fátíval myndavél og horfa á rally. Endilega reynið að koma ykkur fyrir áður en leiðir loka en hafið eftirfarandi í huga:

- Vera í hæfilegri fjarlægð, ekki of nærri.
- Ekki vera utan í beygjum.
- Verið gláran á stað sem er hærrí en veginninn, ekki neðar.
- Hafið auga með börnunum og góða skemmtun!

Hánari upplýsingar má fá á Facebook síðu Bílasklúbbs Skagafjarðar, eða hjá keppnisstjóra. Þeir sem vilja fylgjast með tímum, ættu að kíkja inn á www.datalink.is. Stjórnskið keppinnar er við Ártorg 4.

Lokun sérleiða fyrir almennt umferð:

	Fyrsti bill	Vengi lokun	Vengi opnun
Sérleið 1 Mælifellsdalur I	08:50	09:10	13:00
Sérleið 2 Mælifellsdalur II	09:00	09:10	13:00
Sérleið 3 Mælifellsdalur III	09:10	09:10	13:00
Sérleið 4 Mælifellsdalur IV	12:20	09:10	13:00
Sérleið 5 Vesturdalur I	12:40	13:00	13:00
Sérleið 6 Vesturdalur II - Ófarsdalur	14:25	13:00	13:00
Sérleið 7 Nafir I	16:15	15:45	17:10
Sérleið 8 Nafir II	16:40	15:45	17:10

Stað	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
1	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
2	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
3	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
4	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
5	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
6	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
7	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
8	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
9	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
10	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
11	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
12	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
13	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
14	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
15	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
16	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
17	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
18	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
19	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður
20	Staður	Staður	Staður	Staður	Staður



Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2021 skipuðu: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Andri Þór Árnason ritari, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Aldís Hilmarisdóttir formaður mótanefndar, Sylvía Dögg Gunnarsdóttir formaður barna- og unglinganefndar, Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar og Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar. Vallarstjóri: Guðmundur Þór Árnason

Golf gegnir mikilvægu hlutverki í Sveitarfélaginu Skagafirði. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglingastarf í klúbbnum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagngert til þess að spila golf.

Félagatal; Félagar GSS með fulla aðild voru 252 talsins samkvæmt félagatali í lok nóvember 2021. Félögum GSS hefur fjölgað undanfarin ár. Árið 2020 voru 203 félagar en 167 árið áður og er fjölgunin því umtalsverð. Fjölgun félaga er ánægjuleg og nokkrir þættir sem skýra hana. Í fyrsta lagi er aukinn áhugi á golfi á Íslandi og fjölgun varð í nánast öllum golfklúbbum árið 2021. Í öðru lagi fer gott orð af vellinum okkar. Í þriðja lagi hefur hefur verið tekið vel á mót nýliðum, m.a. með nýliðanámskeiðum sem hafa tekist mjög vel. Metaðsókn var á nýliðanámskeið sumarið 2021 eða 44 iðkendur og þátttaka í mótum frábær.

Hlíðarendavöllur og skálinn; Hlíðarendavöllur var vel sóttur í sumar og fær einróma lof þeirra sem hann sækja. Bókaðir hringir voru 5092 talsins á tímabilinu maí – september. Þar af áttu félagsmenn í GSS 3638 hringi eða 71%).

Líklegt má telja að það hafi hjálpað til hve mörg vinatengsl var búið að mynda við aðra klúbba. GSS eignaðist nýja vinaklúbba um land allt, en félagsmenn þeirra fá afslátt þegar þeir spila hjá okkur og gagnkvæmt. Við gerum okkur vonir um að kylfingar vinaklúbba

muni heimsækja Skagafjörð í auknum mæli á komandi árum og njóta alls hins góða sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða.

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglinga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppan var opin í sumar kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin. Skálinn er farinn að láta á sjá og þarfnast viðgerða.

Framtíð Hlíðarendavallar; Vallarnefnd kom fram með stækkunarhugmyndir á árinu. Farið var yfir stækkunarhugmyndirnar á fundi í byrjun júní og var þeim vel tekið af félagsmönnum. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar um hvaða leið verður farin í stækkun eða hvenær áætlað er að hefjast handa. Þó er ljóst að klúbburinn ræður ekki hjálparlaust við svo stóra framkvæmd. Aðalskipulag Skagafjarðar 2021-2035 hefur verið birt og þar verður GSS ætlað svæði til stækkunar í framtíðinni.

Þjálfun barna og unglinga; Börnin eru framtíðin og mikilvægt að standa vel að þjálfun þeirra. Við erum mjög vel sett með þjálfara. Nýliðar fengu góða tilsögn frá Árnýju, Atla Frey og Hákonni. Unga kynslóðin var í góðum höndum Atla Freys og aðstoðarþjálfaranna. Við fengum jafnframt a.m.k. sjö heimsóknir frá PGA þjálfurum GA sem þjálfuðu börn og unglinga og voru með einkatíma fyrir fullorðna. Það er dýrmætt fyrir þjálfara okkar að starfa með PGA þjálfurum sem heimsækja okkur reglulega.

Öflugt mótastarf; Árlega eru haldin yfir 30 innanfélagsmót hjá GSS og 6-8 opin mót. Þar að auki taka sveitir fullorðinna og barna þátt í mótum annars staðar. Sveitir GSS stóðu sig vel á Íslandsmótum golfklúbba. Kvinnasveit GSS hélt sæti sínu í efstu deild en því miður náði karlasveitin ekki að halda sæti sínu í deildinni en kemur tvíefld til leiks á nýju ári. Sveitirnar voru GSS til sóma undir öryggri stjórn liðsstjóranna (sveitarstjóra).

Árshátíð; Árshátíð GSS 2021 var haldin í húsi Frímúrara í beinu framhaldi af meistaramótinu. Á árshátíðinni voru skemmtiatriði, góður matur og verðlaunaafhending fyrir meistaramótið. Loks var dansleikur með Danssveit Dósa. Óhætt er að segja að allir hafi skemmt sér vel.

Vetrarstarf; Nú er hægt að spila golf í Skagafirði allt árið. GSS eignaðist Trackman hermi snemma árs 2021. Á veturna færast starfið í inniaðstöðu á Borgarflöt. Þar er puttavöllur og hermir – og alltaf gott veður. Barna- og unglingastarf færast inn á veturnar með reglulegum æfingum eftir áramót. Nútíma hermar gera kleift að spila golf allt árið.

Sjálfboðaliði GSÍ 2021; Árný Lilja Árnadóttir, fékk þann 19. nóvember sl. viðurkenningu sem sjálfboðaliði ársins hjá Golfsambandi Íslands. Árný Lilja er góð fyrirmynd fyrir nýliða GSS og aðra félagsmenn.

Lokaorð

Framtíðin er björt. Golf nýtur mikilla vinsælda á Íslandi með næstflesta iðkendur samkvæmt tölum frá ÍSí.

Sigríður Svavarsdóttir

Formaður GSS





KVENNAMÓT GSS 2021

Golfklúbbur Skagafjarðar

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Hestamannafélagið Skagfirðingur stóð fyrir öflugum og góðu félagsstarfi á árinu 2021 þrátt fyrir Covid faraldur þó sannarlega hafi það sett strik í reikninginn varðandi samkomur og félagsstarf á árinu.

Stjórn félagsins hittist þó oft á árinu þrátt fyrir heimsfaraldur eða um 20 sinnum. Stundum þurfti þó að grípa til þess ráðs að funda í gegnum fjarskiptabúnað en oftast var þó hægt að hittast á venjulegum spjallfundum.

Það var mikið um mótahald á árinu. Hestamannafélagið Skagfirðingur í samstarfi við Hestamannafélögin á norðurlandi vestra stóðu fyrir Íslandsmóti í hestaíþróttum 2021 að Hólum í Hjaltadal sem haldið var í júlí. Þótti mótið hið flottasta í alla staði og þangað sóttu flestir afreksknappar landsins. Sigurður Heiðar Birgisson var ráðinn framkvæmdarstjóri mótsins og sinnti því starfi með sóma.

Fjórðungsmót var svo haldið í Borganesi dagana 7-11 júlí. Þar átti Skagfirðingur marga flotta fulltrúa og það voru mörg gullin sem komu heim í Hérað að móti loknu.

Minni mót hér heima í héraði voru mörg á árinu og ber fyrst að nefna hið árlega UMSS mót sem var haldið í maí að Hólum í Hjaltadal. Félagsmót, firmakeppni sem og smærri mót voru haldin á árinu og öll afar vel sótt af félagsmönnum.

Æskulýðsstarf Skagfirðings er gríðarlega öflugt og má þar þakka kröftugum félagsmönnum og nefndarfólki sem að því standa. Reiðnámskeið eru í boði fyrir jafnt sem á Sauðárkróki sem og á Varmalæk þar sem Skagfirðingur er í samstarfi við Jóhönnu Heiðu reiðkennara á Varmalæk. Þessi námskeið öll eru þéttsetin. Því miður þurfti að fresta sýningunni Æskan og hesturinn aftur þetta árið en nú er von um að hún verði haldin í maí 2022.

Reiðvegamálið í Héraði eru eitt af áherslumálum Skagfirðings og vel hefur gengið á árinu í þeim efnum. Lokið var að mestu við gerð á

reiðvegi fyrir ofan Sauðárkrók sem og farið var í uppbyggingu og lagfæringar á reiðvegum í hinum forna Lýtingsstaðahreppi. Sveitarfélagið hefur nú framlengt samning þess við Hestamannafélagið Skagfirðing um uppbyggingu reiðvega í Skagafirði. Skagfirðingur mun því geta haldið áfram næstu ár að byggja upp og lagfæra leiðir í Héraði svo hægt sé með góðu móti að njóta alls þess sem Fjörðurinn hefur uppá að bjóða fyrir félagsmenn á hestbaki. Þökkum Sveitarfélaginu kærlega fyrir stuðninginn.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur nú samþykkt nýtt aðalskipulag vegna stækkunar á hesthúsahverfi á Flæðunum. Fyrirhugað er að stækka hverfið til vesturs þ.e. nýbyggingar munu rísa vestan við Reiðhöllina Svaðastaði. Þetta eru frábærar fréttir og mikill hugur í fólki að byggja upp og stækka félagssvæðið.

Nokkur uppbygging var á keppnissvæði félagsins á Sauðárkróki sem og lagður var ljósleiðari bæði inn í Tjarnarbæ sem og í Reiðhöllina Svaðastaði.

Hestamannafélagið Skagfirðingur er afar öflugt félag þar sem félagsmenn eru ósérhlífir við að leggja sitt af mörkum við



uppbyggingu félagsins sem og hjálpa til við viðburði og viljum við hér með þakka þessu duglega fólki kærlega fyrir alla hjálpinu á árinu sem og liðnum árum.

f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings, Elvar Einarsson, formaður





ÍSLANDSMÓT Í HESTAÍÞRÓTTUM, HÓLAR 2021

Hestamannafélag Skagafjarðar



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. maí 2021. Breytingar urðu á stjórninni og er hún þannig skipuð:

Sarah R Holzem formaður, Sigurlína Einarsdóttir ritari, Sigríður Fjóra Viktorsdóttir gjaldkeri, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sif Kerger, Anna Lilja Guðmundsdóttir og Sigurður Jóhannsson meðstjórnendur.

Úr stjórn gengu Sara Gísladóttir, Anita Ómarsdóttir og Sindri Gunnarsson.

Fimleikar:

Eins og seinustu ár var boðið upp á fimleikaæfingar fyrir 1.-4. og 5.-10. bekk og er mjög góð þátttaka sérstaklega hjá yngri bekkjum.

Körfubolti:

Boðið var upp á körfubolta allt árið, í sumar fóru fram æfingar 2x í viku á útivellinum og á skólaárinu nýtum við okkur aðstöðu íþróttahússins. Fyrir vor- og haust æfingarnar fengum við þjálfara í samstarfi við Tindastól. 1 lið frá Smára keppti á Króksamóti Tindastóls í október.

Fótbolti:

Góð þátttaka er á fótboltaæfingum allt árið og er boðið upp á æfinga fyrir 8.-3. flokk á sumrin og 7.-3. flokk á skólaárinu. 7 lið tóku þátt á Smábæjarleikum og 2 lið tóku þátt í Stefnumóti á Akureyri í haust, auk þess var farið í nokkra vináttuleiki. Nokkrir iðkendur hafa fengið að keppa með liði Tindastóls, ef ekki náðist í lið hjá okkur en áhugi var fyrir að keppa. Þökkum við barna- og unglingadeild Tindastóls fyrir að gefa iðkendum okkar þann möguleika.

Frjálsíþróttir:

Áhugi á frjálsíþróttum er stöðugt að aukast og var bætt við æfingum 2x í viku í sumar fyrir yngri aldurshóp. Eftir velgengni sumarsins var ákveðin að halda æfingum fyrir yngri hóp líka áfram 1x í viku á skólaárinu. Keppendur frá Smára keppa undir merkjum UMSS og fóru iðkendur okkar á nokkur mót í sumar (Sumarleikar HSP, Minningarmót Ólivers, Jólamót UMSS, Akureyrmót UFA/Norðlenska).

Bundnar eru vonir við að frjálsíþróttaaðstaða á vellinum í Varmahlíð verði bætt næstu árin með hliðsjón af heildarmynd svæðisins.

Leikjanámskeið:

Eins og síðustu ár var boðið upp á leikjanámskeið í júní fyrir börn 6-12 ára og voru yfir 50 börn skráð sem var alveg frábær þátttaka.

Yfir 80% nemenda Varmahlíðarskóla sækir æfingar á vegum Smára.

Auk barna- og unglingastarfs hefur góð mæting verið á æfingar sem í boði eru fyrir 16 ára og eldri (Körfubolta, Fótbolta, Stöðvaþjálfun).

Stjórn Smára vill þakka Fisk Seafood fyrir að koma af stað Umhverfisdögum í samstarfi við Smára og styrkja iðkendur okkar sem tóku þátt í því verkefni með keppnisbúningum og upphitunartreyjum frá JAKO.

Þau Bryndís Erla Guðmundsdóttir og Daníel Smári Sveinsson voru tilnefnd sem ungt og efnilegt íþróttafólk Smára 2021.

Fyrir hönd,
Ungmenna- og íþróttafélagsins Smára,
Sarah R Holzem





UMHVERFISDAGAR JÚNÍ 2021

Ungmenna og Íþróttafélagið SMÁRI

Ungmennafélagið Hjalti

Í stjórn félagsins sitja

Formaður: Katharina Sommermeier

Ritari: Christine Hellwig

Gjaldkeri: María Einarsdóttir

Eins og fyrri ár stóð Ungmennafélagið Hjalti fyrir leikjanámskeiði fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára. Leikjanámskeiðið var haldið í Grunnskólanum á Hólum. Lögð var áhersla á útivist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttæfingar, smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, hjóleiðar og fleira. Á námskeiðið mættu 21 glaðir krakkar til leikja og starfa.

Covid heimsfaraldurinn setti mikinn svip á keppni ársins 2021. Í upphafi árs var ákveðið að setja á fót norðurlandsriðil í blaki kvenna, því ekki leit út fyrir að Íslandsmótið yrði haldið, fimm lið tóku þátt Krækjur, BF Siglufirði, Birnur Hvammstanga, Völsungur Húsavík og lið frá Laugum. Spiluð var ein umferð þar sem að allir spiluðu við alla, tveir heimaleikir og tveir útileikir, Krækjur unnu alla sína leiki og þennan riðil. Í október var svo haldið Íslandsmótið í blaki. Þar kepptu Krækjur í 2. deild og enduðu í 3. sæti.



Páskaeggjábíngó, sem er orðinn fastur liður í fjáröflun félagsins, var haldið með stafrænum hætti. Fjöldi krakka og foreldra mættu á Zoom Bígó og var gleðin mikil.

Ungmennafélagið Hjalti stóð fyrir hátíðarhöldum 17. júní í bongóblíðu á Hólum. Skipulögð var skruðganga, leikir og sprelli, ásamt Byrðuhlaupinu. Byrðuhlaupið var fámennnt en góðmennt sökum bólusetningar. Björn Austdal Sólbergsson vann bæði í fullorðnins og barnaflokki á tímanum 31:15, sem er frábær árangur.





BYRÐUHLAUP 17. JÚNÍ 2021

Ungmennafélagið Hjalti

Ungmennafélagið Neisti

Knattspyrna hjá yngri flokkum var stunduð af miklum dugnaði þrátt fyrir takmarkanir á æfingum og mótahaldi. Eins undanfarin ár var yngri flokka þjálfari Bjarki Árnason sem stjórnaði starfinu af mikilli röggsemi.

Fyrsta mót ársins var Stefnumótið á Akureyri. Það var dagsmót þar sem Neisti mætti með lið í 5.flokki og til að gera langa sögu stutta þá vann Neisti alla leiki sína og uppskar glæsilegan bikar að launum.

Hjá 5.flokki var stærsta mót ársins N1-mótið á Akureyri í lok júní. N1 mótið stendur yfir í fjóra daga og er mikil skemmtun. Gengi liðsins var virkilega gott og endaði í 11. sæti af 24 liðum. Neistakrakkar getur borið höfuðið hátt, enda unnust flottir sigrar en vissulega líka súr töp inn á milli.

Einn af hápunktum sumarsins var þátttaka í Goðamóti Þórs á Akureyri og keppt í 5.flokki. Þetta árið náði liðið besta árangri frá upphafi á mótinu en liðið gerði sér lítið fyrir og vann mótið í sínum styrkleikaflokki. Neistafólk getur verið virkilega stolt af hópnum sem er alveg ofsalega samstíga hvort sem um ræðir krakkana eða þá sem að baki þeim standa. Þessir dagar sem mótið stóð yfir voru algjörlega frábærir alveg eins og veðrið, þar sem var sól og blíða allan tímann. En upp úr stóð 1. sæti og veglegur bikar að launum.

Um miðjan júlí þá tók Neisti þátt í Smábæjaleikunum á Blönduósi og mætti með lið í 6. og 7.flokki. Þar að auki átti Neisti fulltrúa í liðum hjá Smára, Tindastóli og Hvöt í 5.fl.kk og kvk. Mótið var frábært, veður gott og stemningin á svæðinu mjög góð. Krakkarnir stóðu sig eins og hetjur og lögðu svo sannarlega allt í keppnina. Þar unnust margir leikir, nokkrir töpuðust og fáein jafntefli en fjörið var alls ráðandi. Þetta mót hentar Neista mjög vel því þarna eru komin fleiri lið sem eru svipað uppbyggð og lið Neista.

Strax í vikunni eftir Smábæjaleikana mætti Siguróli Kristjánsson frá KSÍ og var með sínar vanalegu þrautir, sem vekja mikla lukku. Mætingin var góð og veðrið sveik ekki. Góður dagur með góðu fólki og dýrmæt samskipti við KSÍ.



Júðóæfingar voru áfram einu sinni í viku í 2 klst í Höfðaborg undir stjórn Jakobs Pálmasonar. Á vorönninni var bætt í og sænskur þjálfari Elvira Dragemark var með tvær æfingar í viku. Stóðu æfingar yfir veturinn frá byrjun september fram í maí. Þrátt fyrir fáar æfingar voru framfarir miklar á stuttum tíma og áhuginn mikill um tíma og oft 10-15 krakkar á æfingum á aldrinum 5-16 ára. Allmargar æfingar dattu niður vegna samkomutakmarkana og fleiri atriða. Farið var á eitt öflugt mót, Vormót JSÍ, með fimm keppendur sem stóðu sig virkilega vel og komu heim með fjögur verðlaun, bæði silfur og brons. Til að geta haldið starfinu gangandi á Hofsósi eru leigðar dýnur af Júðódeild Tindastóls.

Umhverfisdagur Fisk Seafood og Neista var 19. júlí. Þar var góð mæting og óhætt að segja að Hofsós hafi verið hreinsað frá toppi til táar. Þetta var frábært framtak hjá Fisk Seafood og að launum fengu iðkendur Neista búning, stuttbuxur, sokka og utanyfirpeysu merktar Neista. Eins og alltaf þá var þetta verkefni tekið á samheldni og jákvæðni.

Aðalfundur Neista féll niður þetta árið og sitja því áfram í stjórn Eiríkur Frímann Arnarson formaður og aðrir í stjórn, Gréta Dröfn Jónsdóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson og Sigmundur Jóhannesson. Vallarstjóri var Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellið í góðu ásigkomulagi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu.

Margt breyttist á þessu ári sem og árinu á undan. Uppskeruhátíð, Jólaspilavist á Hlíðarhúsi og Páskabingó í Höfðaborg féllu niður. Aðrar og nokkuð fastar fjáraflanir voru sala á eldhús- og salernispappír, bílahreingerningavörum, jólapappír, fiski, koma flöskum og dósam í verð og að skera og leggja þökur. Hlíðarhúsið var eins og áður leigt út dag og dag og notað undir verulega fámenna viðburði.

Fyrir hönd Umf Neista

Bjarki Már Árnason og Hjalti Þórðarson



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist



SKÍÐADEILD
FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD



KNATTSPYRNUDEILD
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD



UNGMENNAFÉLAGIÐ TINDASTÓLL

52



BOGFIMIDEILD
JÚDÓDEILD



SUNDDEILD
BADMINTONDEILD



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

Á síðasta starfsári hjá Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar var haldið áfram endurbótum á svæðinu, bæði í mótocross brautinni og í barnabrautinni.

Reynt var að halda æfingar einu sinni í viku en þátttakan var misgóð.

Í byrjun sumars fóru 3 félagar og tóku þátt í enduró fyrir alla keppni sem haldin er á Flúðum og stóðu sig vel.

Á árinu héldum við snocross keppni í samstarfi við Snæ-lív á svæði Skíðadeildar Tindastóls og voru haldnar 2 umferðir, ein á laugardegi og seinni á sunnudeginum en aðeins var hægt að halda fyrstu umferðina af þremur á sunnudeginum vegna þoku en allir keppendur voru mjög ánægðir með keppnina en það mættu 22 keppendur í þessa keppni.

Í september fór einn keppandi frá okkur og keppti í hard enduró keppni sem var haldið á keppnissvæði í Bolöldu og stóð sig með mikilli þrýði.

Fyrir hönd stjórnar Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar.

Guðmundur Rúnar Guðmundsson





SNOCROSS-MÓT Í TINDASTÓL APRÍL 2021

Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

I. kafli Um Sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS skal leitast við að starfa samkvæmt lögum Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) samanber 6. kafla 45.2.

2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög og leikreglur ÍSí.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmunum og áhugamálum félaganna og vera málsvári þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

II. kafli Um Aðildarfélag

4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög UMSS, UMFÍ og ÍSí.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi

og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSí. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

5. grein

Úrsögn aðildarféлага úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.

6. grein

Hvert félag gerir skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirætlum UMFÍ og ÍSí. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSí og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSí ákveður. Starfsskýrslum aðildarféлага og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðað ársþing.

7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSí eða sérsambönd innan ÍSí heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSí þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSí. Félag sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSí og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSí og lögum sérsambandanna. Félagaskipti keppnisfólks tilkynnist tafarlaust til stjórn UMSS.

III. kafli Um Ársþing

8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélagum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með tveggja vikna fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélagum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en þrem vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélagum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarféлага. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSí.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings.

9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kys stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

10.grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi:

1. Þingið sett.
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd.
 - b. Fjárhagsnefnd.
 - c. Íþróttanefnd.
 - d. Aðrar nefndir.
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar.
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni.
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

11.grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

12.grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

13.grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.

- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.

- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

IV. kafli Um Stjórn

14.grein

Stjórn UMSS skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír menn í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

15.grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

16.grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

17. grein

Stjórn UMSS er skipuð fimm fulltrúum sem skiptast á milli aðildarféлага UMSS á eftirfarandi hátt:

Ungmennafélagið Tindastóll	1 fulltrúi
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1 fulltrúi
Ungmennafélagið Neisti og Hjalti	1 fulltrúi
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	1 fulltrúi
Bilaklúbbur Skagafjarðar, Vélhjóla klúbbur Skagafjarðar, Golfklúbbur Sauðárkróks, Íþróttafélagið Gróska og Siglingarklúbburinn Drangey	1 fulltrúi

V. kafli Sérráð

18. grein

Innan UMSS skulu starfa sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

19. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

20. grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

VI. kafli Önnur Ákvæði

21. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi

samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukabings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

22. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

23. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011 og 2018.

ÁRSREIKNINGUR UMSS



